

Byggðarráð Borgarbyggðar

Umsókn um afslátt af gatnagerðargjöldum

01.03.2022

Ég undirritaður óska eftir því að Byggðarráð Borgarbyggðar taki til afgreiðslu umsókn Tekta ehf um afslátt af gatnagerðargjöldum fyrir eftirfarandi nýlega úthlutuðum lóðum (588. fundur):

Stekkjarholt 1
Stöðulsholt 37
Stöðulsholt 39

Byggðarráð Borgarbyggðar hefur verið með 50% afslátt af gatnagerðargjöldum af íbúðarhúsnæði og 100% afslátt af lóðargjöldum frá árinu 2019 til lok ársins 2021.


Er það ósk okkar að sömu reglur um afslátt gildi fyrir þessar þrjár lóðir og hefur gilt síðastliðin þrjú ár.

Hvers vegna ættum við að fá þennan afslátt?

- 1) Þessi afsláttur hefur verið gefin til þeirra sem hafa fengið úthlutað sl. þrjú ár og skekkir samkeppnisstöðu okkar á markaðnum.
- 2) Byggingakostnaður hefur aukist mikið sl. ár sem dregur úr uppbyggingu á svæðinu, sérstaklega þegar gatna og lóðargjöldunum er bætt við á fullu gjaldi.
- 3) Með því að gefa þennan afslátt hjálpar það við að höggva á þann skort á húsnæði í sveitarfélaginu.
- 4) Tekta ehf., hefur mikinn áhuga á uppbyggingu í Borgarbyggð til lengri tíma litið.

Með von um að Byggðarráð Borgarbyggðar taki þetta til alvarlegrar skoðunar og afgreiðslu og veiti okkur þennan afslátt. Þetta mun stuðla að aukinni uppbyggingu í sveitarfélaginu. Okkar plön um framtíðaruppbyggingu í sveitarfélaginu verði til þess að það minnki sá skortur sem hefur verið á húsnæði og hefur staðið íbúafjölgun fyrir þrifum. Það er okkar markmið að þessi þrjú hús verði tilbúin í september 2022.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "Finnur Guðmundsson".

Finnur Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

Tekta ehf.
Hamraborg 1, 200 Kópavogur, Iceland
Kt. 530318-1330